



**Fundargerð
29. aðalfundar
Sorpstöðvar Suðurlands
haldinn 13. september 2010
á Selfossi**

1. Setning

Örn Þórðarson, formaður, setti fundinn.

2. Erindi: Endurskoðun á Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs

Gunnlaug Einarsdóttir frá Umhverfisstofnun flutti erindi um endurskoðun á Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Formaður gaf orðið laust en enginn kvaddi sér hljóðs

3. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefndi þau Ástu Stefánsdóttur og Ara B. Thorarensen sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjórum stjórn fundarins.

4. Kosning kjörbréfa- og kjörnefndar og fjárhagsnefndar.

Jóna S. Sigurbjartsdóttir, formaður kjörbréfa- og kjörnefndar lagði fram svohljóðandi tillögu stjórnar SOS að kjörbréfa- og kjörnefnd og fjárhagsnefnd:

Kjörnefnd

Aðalmenn

Jóna Sigurbjartsdóttir, formaður	Skaftárhreppi
Gunnar Þorgeirsson, varaformaður	Grímsnes- og Grafningshreppi
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerðisbæ
Gunnlaugur Grettisson	Vestmannaeyjabæ
Ísólfur Gylfi Pálmason	Rangárþingi eystra
Ari Thorarensen	Sveitarfélaginu Árborg
Ásgrímur Ingólfsson	Sveitarfélaginu Hornafirði

Varamenn

Drífa Kristjánsdóttir	Bláskógabyggð
Sveinn Steinarsson	Sveitarfélaginu Ölfusi
Páll Scheving	Vestmannaeyjabæ
Ingvar Pétur Guðbjörnsson	Rangárþingi ytra
Sandra Dís Hafþórsdóttir	Sveitarfélaginu Árborg
Ingi Már Björnsson	Mýrdalshreppi
Kristján Sigurður Guðnason	Sveitarfélaginu Hornafirði

Fjárhagsnefnd

Aðalmenn

Gunnsteinn R Ómarsson, formaður	Rangárþingi ytra
Ásta Stefánsdóttir, varaformaður	Sveitarfélaginu Árborg

Margrét Sigurðardóttir
Kristín Magnúsdóttir
Ingibjörg Harðardóttir

Flóahreppi
Sveitarfélaginu Ölfus
Grímsnes og Grafningshreppi

Varamenn

Eyþór Arnalds
Eydís Indriðadóttir
Róbert Hlöðversson
Elvar Eyvindsson
Jón G. Valgeirsson

Sveitarfélaginu Árborg
Ásahreppi
Hveragerðisbæ
Rangárþingi eystra
Hrunamannahreppi

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók kjörbréfa- og kjörnefnd þegar til starfa

5. Skýrsla stjórnar

Örn Þórðarson, formaður, flutti skýrslu stjórnar, greindi hann frá því að tólf formlegir fundir hafi verið haldnir á árinu auk aðalfundar og annarra funda sem haldnir hafa verið um þau mál sem verið hafa á döfinni, hann talaði um að þetta hefði verið sviptingasamt ár. Helstu verkefni stjórnar voru: metanverkefni, rekstur Kjötmjölsverksmiðjunnar, svæðisáætlun, kaup á jörðin Kirkjuferjuháleiga. Mál málanna var þó leit að nýjum urðunarstað. Var mikil vinna lögð í að finna góðan urðunarstað og liggur nú fyrir listi yfir þá staði sem til greina koma, þangað til verður Álfsnes urðunarstaður fyrir sunnlenskt sorp en samið var við SORPU um móttökuna. Ný umhleðslustöð var tekin í notkun á gámsvæði Sveitarfélagsins Árborgar í júní sl. en hefur hún mætt töluverði andstöðu og er það komandi stjórnar að leysa úr þeim málum. Einnig fjallaði stjórn um meðhöndlun seyru og tillögur að framtíðarskipan úrgangsmála á Suðurlandi. Að lokum þakkaði formaður það traust sem honum hefur verið sýnt ástamt því að þakka stjórn, varastjórn og Guðmundi Tryggva Ólafssyni fyrir gott samstarf.

6. Skýrsla framkvæmdastjóra

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, framkvæmdastjóri, flutti árskýrslu og kynnti starfsemi SOS. Sagði hann að afkoma síðasta árs hafi verið góð. Hann greindi frá því helsta í starfseminni á síðasta ári. Hann kynnti þær gjaldskrár sem eru í dag á vegum SOS en þeim hefur fjölgað við lokun Kirkjuferjuháleigu. Einnig greindi hann frá einstökum verkefnum, s.s. skilum á grænu bókhaldi til Umhverfisstofnunar, farið var í kynnisferðir, endurnýjun á starfsleyfi og útbúin var viðbragðsáætlun. Lokaorð hans voru að síðasta ár var ár mikilli breytinga og framundan eru miklar breytingar í sorpmálum.

7. Lögmæti fundarins skv. niðurstöðu kjörnefndar

Gunnar Þorgeirsson, varaformaður kjörbréfa- og kjörnefndar kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir kjörbréfum. Alls voru 9 kjörnir fulltrúar. Gild kjörbréf eru fyrir 9 aðalfulltrúa og eru þeir allir mættir. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

8. Afgreiðslumál

i) Ársskýrsla SOS

Voru henni gerð skil í skýrslu framkvæmdastjóra fyrir á fundinum.

ii) Endurskoðaðir reikningar

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, framkvæmdastjóri, kynnti ársreikning fyrir árið 2009.

iii) Tillaga að fjárhagsáætlun

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, framkvæmdastjóri, kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2011.

iv) Tillaga að gjaldskrá 2010

Guðmundur Tryggvi Ólafsson lagði fram eftirfarandi leiðrétt tillögu að gjaldskrá:

Leiðrétt tillaga að gjaldskrá Sorpstöðvar Suðurlands

(Í útsendum gögnum fyrir aðalfund SOS misritaðist umsýslugjaldið, 1,5 kr/kg)

Gjaldskrá fyrir úrgang og flokkuð efni sem skilað er í Gufunes og Álfsnes.

Innheimt er í samræmi við gjaldskrá Sorpu eins og hún er á hverjum tíma. Að auki er lagt umsýslugjald á eftirtalda flokka.

Gjaldskráin fyrir óflokkað sorp sem skilað er í Gufunes:

Umsýslugjald:

Gjald lagt á blandaðan úrgang í flokki 101	0,78 kr/kg.
Gjald lagt á grófan úrgang í flokki 250	0,78 kr/kg.

Gildir frá 1. janúar 2011

Allar tölur eru án 25,5 % virðisaukaskatts.

Innheimt er í samræmi við gjaldskrá Sorpu eins og hún er á hverjum tíma.

Heimild er til að leggja á álag vegna óhefðbundins úrgangs

Gjaldskrá fyrir umhleðslustöð

Gjaldskrá:

Flokkur 101 Blandaður úrgangur – Heimilissorp	15,7 kr/kg
Flokkur 250 Grófur úrgangur	19,4 kr/kg

Flokkur 301 Timbur – málað

12,0 kr/kg

Flokkur 302 Timbur – hreint

6,8 kr/kg

Innifalið í gjaldi er : umhleðsla, flutningur og móttökugjöld Sorpu.

Gildir frá 1. janúar 2011

Allar tölur eru án 25,5 % virðisaukaskatts.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá Sorpstöð Suðurlands síma 480 8230 eða www.sorpstodsudurlands.is

Samþykkt á 192. stjórnarfundum SOS, dags. 20. ágúst 2010

Tillaga að gjaldskrá lögð fyrir aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands bs 13. september 2010.

v) **Tillögur frá stjórn og aðildarsveitarfélögum**

Guðmundur Tryggvi Ólafsson las upp eftirfarandi tillögu:

Tillaga að breytingu á samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Lögð fyrir á aðalfundi 13. september 2010.

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands samþykkti á 192 stjórnarfundum að leggja til við aðalfund breytingu á samþykktum SOS þess efnis að fjölga í stjórn, úr þremur í fimm. Jafnframt að skipun í stjórn taki mið af hlutfallslegri eign aðildarfélaganna.

Í samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands frá 26. Apríl 2006, um kosningar á aðalfundi segir:

4.2

Á aðalfundi skal kosin 3 manna stjórn Sorpstöðvarinnar og 3 til vara. Varamenn skulu kosnir fyrir hvern aðalmann. Aðalfundur kys beinni kosningu úr þessum hópi formann og varaformann.

Lagt er til að grein 4.2 verði:

4.2

Á aðalfundi skal kosin 5 manna stjórn Sorpstöðvarinnar og 5 til vara. Varamenn skulu kosnir fyrir hvern aðalmann. Aðalfundur kys beinni kosningu úr þessum hópi formann og varaformann.

Greinargerð með tillögu um fjölgun í stjórn Sorpstöðvar Suðurlands.

Í ljósi umfangs málaflokksins, mikils kostnaðar og þeirrar þróunar og breytinga á aðstæðum við meðhöndlun á úrgangi sem framundan eru á Suðurlandi telur stjórnin æskilegt að fjölga fulltrúum í stjórn. Stærri stjórn kemur mismunandi sjónarmiðum betur á framfæri, það á bæði við um sjónarmið eigenda sem koma þarf á framfæri við stjórn sem og þeim sjónarmiðum stjórnar og ákvörðunum sem kynna þarf eigendum. Með fjölgun stjórnarmanna má auka lýðræði við stjórnun og skipulag málaflokksins.

Framundan eru mörg krefjandi verkefni sem mikilvægt er að eigendur séu vel upplýstir um á hverjum tíma.

Fundarstjóri gaf orðið laus.

Til máls tóku: Eyþór Arnalds, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Steindór Tómasson, Gunnar Þorgeirsson og Margrét Sigurðardóttir

Fundarstjóri bar ársskýrslu og endurskoðaða reikninga upp til atkvæðagreiðslu.

Samþykkt samhljóða

Fundarstjóri lagði til að fjárhagsáætlun 2011 og gjaldskránni verði vísað til fjárhagsnefndar.

Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri lagði fram tillögu frá stjórn um breytingu á samþykktum til atkvæðagreiðslu.

Samþykkt samhljóða.

9. Almennar umræður

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tók: Jón Ó. Vilhjálmsson

10. Kosningar

i) Kosning 3 fulltrúa í stjórn SOS og 3 varamanna

Gunnar Þorgeirsson varformaður kjörbréfa- og kjörnefndar lagði fram eftirfarandi tillögu kjörnefndar að stjórn SOS:

Aðalmenn:

Gunnar Egilsson, formaður	Árborg
Gunnar Þorgeirsson, varaformaður	Grímsnes og Grafningshreppi
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson	Rangárþing ytra
Ari Thorarensen	Árborg
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerði

Varamenn:

Sveinn Steinarsson	Sveitarfélaginu Ölfus
Gunnsteinn Ómarsson	Rangárþingi ytra
Eyþór Arnalds	Árborg
Sandra Dís Hafþórsdóttir	Sveitarfélaginu Árborg
Margrét Sigurðardóttir	Flóahreppi

Tillögur kjörnefndar bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða

ii) Kosning 2 skoðunarmanna ársreikninga og 2 varamanna

Aðalmenn

Guðmundur Þór Guðjónsson

Drífa Kristjánsdóttir

Hveragerði

Bláskógabyggð

Varamenn

Egill Sigurðarson

Ragnheiður Hergeirsdóttir

Ásahreppi

Sveitarfélaginu Árborg

Tillögur kjörnefndar bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða

Örn Þórðarson ítrekaði þakkir til fráfarandi stórnar og starfsmanna og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar um leið og hann frestaði fundi til morguns.

Fundi var framhaldið með afgreiðslu fjárhagsáætlunar og gjaldskrár.

Fundarstjóri fylgdi eftirfarandi tillögum úr hlaði:

Fjárhagsáætlun Sorpstöðvar Suðurlands

Fjárhagsnefnd leggur til að fjárhagsáætlun Sorpstöðvar Suðurlands fyrir árið 2011 verði samþykkt. Fjárhagsnefnd leggur til að tillögur að gjaldskrár Sorpstöðvar Suðurlands verði samþykktar.

Fjárhagsnefnd leggur til að mótuð verði stefna um að gjöld skv. gjaldskrár Sorpstöðvar Suðurlands standi undir nauðsynlegum rekstri Sorpstöðvarinnar, eins og hann verður skilgreindur af stjórn hennar.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bar fjárhagsáætlunina og gjaldskrána undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 15:30.